



Innsæi og innra samtal

– persóna fagmannsins og mikilvægi faglegrar handleiðslu

Hildur Inga Rúnarsd., sóknarprestur í Ísafjardarprestakalli og faglegur handleiðari

Elísabet Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi og faglegur handleiðari

Sólveig Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA og faglegur handleiðari

Herdís Heimisdóttir, félagsráðgjafi MA og faglegur handleiðari



Elísabet
Sigfúsdóttir



Herdís
Heimisdóttir



Hildur Inga
Rúnarsdóttir



Sólveig
Sigurðardóttir

Inngangur

Sá hraði sem virðist knýja samfélag samtímans áfram krefst þess í auknum mæli að við beinum athygli okkar að mörgum verkefnum samtímis. Það að einbeita sér að einu verkefni í einu krefst meiri áreynslu en áður. Þetta mikla áreiti og auknar kröfur um viðbragðshraða er manneskjunn ekki eðlislægt og getur því valdið kvíða.

Tilgangur er mikilvægur í lífi og starfi hverrar manneskju, hann er drifkraftur og leið til þroska (Frankl, 2006; De Dominicis-Ebetsberger, 2023) og hvetur einstaklinginn til að líta inn á við í leit að samræmi, stefnu, markmiðum og árangri jafnt í lífi og starfi. Beinum við athygli okkar að því sem skiptir máli í stöðugu áreiti samfélagsmiðla og risaöldu upplýsingaflæðis samtímans? Er athyglisbrestur eða einbeitingarskortur kannski ein helsta orsök firringar í samskiptum?

Sú umræða hefur orðið háværari að horfa beri á einstaklinginn sem lifandi og hugsandi tilfinningaveru en ekki vélrænt tannhjól, að einstaklingurinn þurfi mannleg samskipti sem einkennast af nærandi nánd, umhyggju og kærleika til að geta vaxið og dafnað í lífi og starfi. Sömuleiðis megi yfirfæra þetta á samfélagið sem lifandi veru. Merkilegt er að sjá hvernig einstaklingar og samfélög geta skapað sér fjarlægð frá viðvarandi tilfinningalegum vandamálum og málefnum. Síðan hafa samfélagsmiðlar og sitengd snjalltæki bókstaflega fært okkur flóttaleið út úr raunveruleikanum inn í hinn staf-ræna og fjarlægja heim þar sem einstaklingurinn birtir aðeins þá mynd af sjálfum sér sem hann vill sýna, en er þó aðeins brotakennd mynd af samskiptunum við hinn raunverulega umheim (Bollas, 2018).

Í þessari grein verður fjallað um persónu fagmannsins – vitsmunalega og líkamlega – og eiginleika hans í hraða og áreiti samfélagsins þar sem fagsjálfið gegnir mikilvægu hlutverki. Fjallað verður á ítarlegan hátt um hugtökin *innsæi*, *skynfinningu* og *innra samtal* í tengslum við mikilvægi þess að sækja faglegra handleiðslu. Höfundar greinarinnar luku diplómanámi í faglegru handleiðslu frá Háskóla Íslands í janúar 2023 og var sú fræðilega þekking, reynsla og verklega þjálfun í faglegru handleiðslu kveikjan að greinarskrifum þessum.

Fagfólk sem starfar með öðrum eða í þágu annarra og velferðar þeirra þarf að huga vel að eigin vellíðan og heilsu, vera meðvitað um hvernig eigin persónuleiki, umhverfi, upplifanir og reynsla hefur áhrif á getu þess og hæfni til að veita góða þjónustu eða meðferð, og ekki síst hvernig efla má sig í lífi og starfi með faglegru handleiðslu.

Persóna fagmannsins

Á tímum firringar, óreiðu, ófyrirsjáanleika og margbreytileika þarf góður fagmaður að vera meðvitaður um eigin styrkleika og veikleika og geta aðgreint eigið sjálf



frá hlutverki sínu sem meðferðaraðili (Rober, 1999). Með því að þroska persónulega og faglega þætti í starfi verður fagmaðurinn hæfari til að ígrunda sjálfan sig, stöðu sína og lífshætti. Mikilvægt er að vera fær um að sjá hlutina með augum annarra og horfa inn á við jafnt sem út á við. Tilfinningalegu læsi má líkja við bóklæsi. Það sama á við um sjálfsskilning, því fleiri tilfinningar sem einstaklingurinn þekkir, þeim mun betur er hann í stakk búinn til að skilja sjálfan sig (Sæunn Kjartansdóttir, 1999). Það þegar fagaðilinn leyfir sér að finna jafnt líkamlega og tilfinningalega það sem hann skynjar í viðtölum hefur dr. Salvador Moreno López kallað „keeping experiential company“, sem þýða mætti sem „að viðhalda reynslubundinni návist við skjólstæðing“ eða sem „reynslunávist“. Þannig nær hann að skynja og skilja reynslu og líðan skjólstæðinga með líkamlegri samkennd (Moreno-López, 2008).

Hugtakið fagsjálfi (e. professional identity/self) lýsir því hvernig fólk skynjar eða upplifir sjálft sig innan eigin vinnuumhverfis og hvernig það miðlar þeirri upplifun áfram til annarra (Neary, 2014). Fagsjálfið mótast af samskiptum við aðra fagaðila, þekkingu þeirra, hæfni og gildum og af almennum viðmiðum innan fagsamfélagsins (Öhlén og Segesten, 2002). Fagaðilar aga sig inn í ákveðinn heim þar sem tiltekin gildi eru við lýði og fagsjálfi þeirra mótast að miklu leyti út frá því. Fagsjálfið er þannig leitt áfram og upplýst af gildum sem greina má í tiltekin þemu, þ.e. grunn-gildi, siðferðileg gildi (e. ethics) og lífsgildi (e. principles). Grunn-gildi hafa hagsmuni allra að leiðarljósi og þau eiga að vera við lýði í öllum samfélögum. Siðferðileg gildi eru breytileg milli samfélaga á meðan grunn-gildi eru algild. Lífsgildi eru þau gildi sem fólk hefur í hávegum og leiða það í gegnum lífið (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Fagmaðurinn þarf að gefa sér tíma og rými til andlegs undirbúnings fyrir viðtal við skjólstæðing. Hann þarf að skoða væntingar hans og eiga samtal við sjálfan sig um eigin stöðu og hlutverk gagnvart skjólstæðingnum (Rober, 1999) ásamt því að vera meðvitaður um eigið fagsjálfi. Að þekkja sín eigin sjálf er frumforsenda þess að geta nýtt eigin þekkingu, reynslu og upplifanir til að hjálpa öðrum (Kaushik, 2017). Til þess að nýta okkur sjálf sem verkfæri í starfi þurfum við að byggja á þekkingu fagmannsins, gildum og færni, bæði úr námi og reynslu í starfi. Þá hafa persónueinkenni, eigin upplifanir og uppeldi svo og menningararfur áhrif á færni og getu viðkomandi til að skilja á milli fag- og einkasjálfs (Dewane, 2006).

Það að sjá og upplifa skjólstæðing eins og hann kemur fyrir eru forsendur þess að geta skapað nánd

í samtali. Guðbrandur Árni Ísberg (2013) lýsir í bók sinni *Í nándinni: Innlifun og umhyggja* bæði taugalíffræðilegum breytingum sem verða í nánd milli tveggja einstaklinga og því sem fagmaður þarf að gera til að skapa og vera í nánd án þess að truflast af eigin innri óróleika, hugsunum, vanmætti eða öðru því sem getur komið upp hjá persónu fagmannsins, heldur færa sér það í nyt. Í þessu felst einnig auðmýkt gagnvart því að fá hlutdeild í þekkingu skjólstæðings og að fara vel með hana. Fagmaðurinn þarf að reyna að skilja aðstæður, bakgrunn og vanda skjólstæðingsins, vera móttækilegur og forvitinn til að geta aukið eigin skilning og líkamsskynjun og þar með minnkað áhrif eigin fyrirframgefna hugmynda eða fordóma (Guðbrandur Árni Ísberg, 2013; Peace og Smith-Adcock, 2020).

Innsæi

Innsæi (e. intuition) er tilfinning sem leiðir okkur áfram og gerir það að verkum að við bregðumst við á ákveðinn hátt, hefur áhrif á það hvernig við skiljum og skynjum umhverfi okkar og hvaða merkingu við leggjum í aðstæður. Þegar við tökum ákvarðanir eða vitum eitthvað án þess að vera með sönnun fyrir því eða eitthvað sem er meðvitað byggst á gagnreyndri þekkingu er oft verið að fylgja eigin innsæi (Hrund Gunnsteinsdóttir og Kristín Ólafsdóttir, 2016). Innsæið byggist að hluta til á eigin reynslu, jákvæðri eða neikvæðri, þekkingu á okkur sjálfum og fagþekkingu. Það er mikilvægt að vera meðvitaður og greina á milli þess hvaðan tilfinningin kemur og af hverju hún stafar. Innsæið getur jafnframt byggst á innri skynjun og tilfinningu fyrir því sem við erum að upplifa og líðan okkar í tilteknum aðstæðum, í tengslum eða í samskiptum við aðra. Það eru þó ekki skýr skil þarna á milli og margir þættir geta haft áhrif, hvort sem það byggist á þekkingu, reynslu, skynjun eða tilfinningum. Það er mikilvægt að hlusta á eigið innsæi og þora að leyfa þögninni að vera undanfari hins ókomna eða ósagða. Það þarf kjark og hugrekki til að opna á það sem við finnum og skynjum í samtalinu. Heimspekingurinn Eugene Gendlin heldur því fram að mannslíkaminn sé frumfarvegur til að skapa merkingu úr upplifun, sem kalla megri merkingarbæra líkamsskynjun (e. body-sense of meaning). Þar á hann við að líkaminn nemi samstundis upplýsingar og skynji áður en vitsmunir einstaklingsins meta það sem fengnar upplýsingar. Gendlin byggir þetta meðal annars á þeirri kenningu sinni að líkaminn geymi djúpstæðari þekkingu en vitsmuna- og tilfinningalífið. Að skynjun líkamans einskorðist ekki við skilningarvitin fimm heldur nái lengra (Hendricks, 2007).



Innra samtal

Fagaðili ætti ávallt að gefa gaum að öllum þeim ósjálf-ráðu viðbrögðum, tilfinningum, skynjunum, kenndum og líkamlegu viðbrögðum sem skjólstæðingurinn vekur innra með honum og setja í vitsmunalegt samhengi með því að ígrunda það í innra samtali. Þannig finnur fagaðilinn leið til að notfæra sér viðbrögðin í starfi og koma því á framfæri sem hann upplifir og telur nauðsynlegt að ræða. Þó alltaf af virðingu og á uppbyggilegan máta. Í raun má segja að innra samtal fagmannsins sé samtal á milli tveggja þátta í persónu hans, þ.e. sjálfins og hlutverks hans (Rober, 1999). Fagmaðurinn þarf að leita leiða til að skapa rými fyrir hið ósagða. Hann þarf einnig að vera opinn fyrir hinu óvænta og því sem hann er sjálfur að upplifa. Fagmaðurinn verður að geta gengist við sínum eigin tilfinningum, góðum jafnt sem slæmum, þannig að tilfinningar stjórnari ekki hegðun hans. Einnig þarf hann að gefa viðbrögðum skjólstæðingsins gaum og meta hvort hann skynjar mótstöðu eða traust í meðferðarsambandinu (Rober, 1999). Skynfinning (e. felt sense) og innra samtal fagmannsins er því mikilvægt tæki til að greina á milli tilfinninga og upplifana skjólstæðinga og fagmannsins.

Skynfinning

Skynfinning hefur almennt verið skilgreind sem upplýsingar sem aflað er með innri vitund fagaðila og eiga uppruna sinn hjá honum sjálfum, skjólstæðingi hans eða í meðferðarsambandinu. Þó hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um skynfinningu og fyrirbærið verið umdeilt varðandi það að fagaðilar færi sér eigin upplifanir, innra samtal, tilfinningar og líkamlega skynjun í not í meðferðarsamtölum (Peace og Smith-Adcock, 2020). Til að geta notfært sér skynfinningu þarf að samþætta hana og beita henni heildrænt. Rétt eins og fagaðili tileinkar sér nám, verklag og verkferla getur hann tileinkað sér það að nota skynfinningu sína, innsæi og innra samtal og þannig vísvitandi leyft eigin hugsunum, tilfinningum og líkamsskynjun að leiða starf sitt með skjólstæðingum sínum. Fókusering gengur út á að veita skynfinningunni athygli og finna hvernig hún hefur áhrif á merkingu eða skilning okkar á aðstæðum og atburðum líðandi stundar. Þannig má segja að við hugsum með líkamanum (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Elsa Haraldsdóttir, 2021). Fókusering felst í því að meðtaka það þegar orð, myndir og látbragð vakna í skynfinningunni og nýta sér þannig upplifun sem ekki verður eingöngu túlkuð með verkferum hins vitsmunalega, heldur einnig hins líkamlega. Ef fagaðili getur lært að beita hinni vitsmunalegu vitund

í vinnu með skjólstæðing getur hann einnig lært að virkja líkamlega vitund og þannig nálgast sín eigin innri úrræði (Peace og Smith-Adcock, 2020).

Það að skynja og skilja á eigin skinni líðan, upplifun og kenndir skjólstæðingsins mætti einnig kalla líkamlega samkennd. Það sem fagaðili í meðferðarsambandi upplifir á eigin skinni líkist því sem skjólstæðingur er að upplifa á líðandi stundu. Samkennd fagaðila er verkfæri sem hann getur notað með ígrundun (Moreno-López, 2008). Taugalífedlisfræðingurinn Antonio Damasio segir að hugsun sé að mörgu leyti líkamleg og sýnt hafi verið fram á það, ekki síst með rannsóknnum á sviði taugalífedlisfræði, að mannshugurinn er líkamlegur og að hugsunin er ekki einskorðuð við heilann heldur liggja allur líkaminn undir og hugsun sé samþætting orða, tákna, tilfinninga, upplifana og kennda (Damasio, 2021). Þegar horft er til þess opnast leiðir til dýpri þekkingar í víðari skilningi því líkamlega er fagaðilinn í gagnvirkum tengslum við sjálfan sig og aðra (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Elsa Haraldsdóttir, 2021).

Fagleg handleiðsla

Rannsóknir hafa sýnt fram á að regluleg handleiðsla, góð uppbygging starfsanda og form starfsumhverfis hefur hvað mest áhrif á starfsánægju og vinnur gegn streitu og kulnun (Steinunn Hrafnadóttir, 2020; Hawkins og Shoet, 2012). Á undanförunum áratugum hafa verið gerðar auknar kröfur um gæði faglegrar handleiðslu. Handleiðsla getur aukið faglegt sjálfstraust og faglega þekkingu, fyrirbyggt neikvæðar afleiðingar streitu og álags og verndað og viðhaldið kröftum fagfólks. Einnig getur hún skipt máli varðandi líðan fagaðila á vinnustað og starfshæfni hans svo og hæfni hans og hæfileika til að geta þroskast í starfi og viðhaldið starfsánægju (Sigrún Júlíusdóttir, 2000; Handleiðslufélag Íslands, e.d.). Dofið fagsjálff og fagþreyta getur gert það að verkum að fagfólk verði regluveldi og hlýðnikröfum að bráð en fagleg handleiðsla styður handleiðsluþega í að finna tilgang og ljósið í faginu og fylgja því. Handleiðslan veitir von og trú auk sköpunar nýrra möguleika, jafnvel í móthyr (Bourdieu, 1996; Sigrún Júlíusdóttir, 2020).

Vilji faglegur handleiðari og fagaðili virkja skynfinningu sína og gefa gaum að líkamsvitund sinni, sem veitir aðgang að innri auðlindum og úrræðum, er ekki síður mikilvægt að hafa í huga að það krefst þjálfunar rétt eins og virkjun hins vitsmunalega. Fagleg handleiðsla er mikilvægur liður í því þroskaferli og til þess fallin að fagaðilinn læri að treysta á eigið innsæi og virkja þau úrræði sem búa innra með honum. Þannig lærir fagaðili



• að treysta á eigin skynfinningu og fókuseringu, færa sér hana í not til að skilja skjólstaðing sinn betur, reynslu hans og upplifun, og stýra inngrípum í ferlinu. Um leið styrkist geta hans til að aðskilja eigin skynfinningu og sögur frá skjólstaðingunum (Moreno-López, 2008). Að gangast við sjálfum sér í heild getur verið mikil þrekaun og oft er þægilegra að viðhalda ákveðinni sjálfsvanþekkingu, því auðveldara er að horfa á bresti og syndir annarra en okkar eigin (Jung, 1962). Sjálfskilningur næst ekki með rökhusun einni saman, heldur þarf að gefa tilfinningum rými, skynja þær, skoða þær og fá viðbrögð annarra. Þetta er lífstíðarverkefni og langt frá því þrautalaust og krefst þess að hver og einn gangist við því óskynsamlega og mótsagnakennda sem býr innra með honum (Sæunn Kjartansdóttir, 1999). Sá sem veitir faglega handleiðslu þarf að hafa sérstaklega gott innsæi og sýna auðmýkt í garð handleiðsluþegans og hlusta á hann af innlifun, og þekkja eigin tilfinningar og takmarkanir.

Umræða og lokaorð

• Í allri umfjöllun um persónu fagmannsins, innra samtal og innsæi koma einnig upp vangaveltur um firringu í nútímanum, samfélagsmiðlavæðingu og áhrif hennar á samskipti og nærveru milli einstaklinga og hópa. Heimurinn eða lífið sjálft er á ógnarhraða og kallar á mikla aðlögunarhæfni fólks. Mikilvægt er að gefa sér rými til að ígrunda og átta sig á hvað er að gerast í umhverfi okkar og innra með okkur.

• Á ráðstefnu ANSE SU 2023 í Búdapest (Association of National Organisations for Supervision in Europe) var þemað: With Words and Beyond – Values and Identity in an Incomprehensible World. Þar var fyrirlestur með yfirskriftinni Brain-heart coherence creates fluid identities, byggður á kenningum dr. Joe Dispenza, Gregg Braden og Anne Beer um samhengi heila og hjarta (De Dominicis-Ebetsberger, 2023), sem fellur vel að umfjöllunarefni þessarar greinar. Þar kom fram að ef opnað er á samþættingu „hugar og hjarta“ og hlustað á hana er gengið inn á svið ótakmarkaðra möguleika, möguleika sem við notum til að ganga lengra en áður fengin reynsla hefur leyft okkur. Þannig stígum við inn í nýja vídd samsemdar og gilda í lífi og starfi. En er þá innra samtal fagaðila nóg? Þarf hann ekki að vera meðvitaður um eigin líkamsviðbrögð og geta tekið ákvarðanir með huga jafnt sem hjarta og hafa hugrekki til að orða það sem hann skynjar skjólstaðingi sínum til gagns – og geta um leið aukið meðvitund skjólstaðingsins um samspil huga og hjarta?

• Við lifum á tímum sífelldra breytinga, sem virðast valda óstöðugleika og skipulagsleysi og ýta undir ófyrirsjáanleika, og erfitt getur verið að henda reiður á þær. Allt þetta fær okkur í auknum mæli til að efast um grunnildi okkar, jafnvel sjálfsmynd okkar, og það ýtir undir kvíða og vanmáttartilfinningu (De Dominicis-Ebetsberger, 2023). Slík kreppa sjálfsmyndar og gilda er óþægileg og því nánast óhjákvæmilegt að við endurskoðum athafnir okkar og viðhorf þegar fyrri reynsla, aðferðir og stefnur virðast vera takmarkandi. Þá leitum við leiða til að skapa okkur nýjan farveg og nálganir, ný tækifæri og möguleika til þróunar og endurmats.

• Hvar er best að slík vinna fari fram? Í öruggu rými handleiðslunnar, sem ætlað er að ýta undir sjálfskilning handleiðsluþegans og ígrundun á eigin athöfnum, hugsunum, kenndum og skynjun í starfi. Að mati greinarhöfunda er góð, regluleg og fagleg handleiðsla hjá viðurkenndum handleiðara, sem hefur fræðilega þekkingu, reynslu og verklega þjálfun í faglegri handleiðslu, lykillinn að vexti og þroska í lífi og starfi. Það er því ekki of oft kveðin vísa að aðgengi að faglegri handleiðslu ber að efla og auka, sem og nám í handleiðslufræðum. Til þess þarf frekari vitundarvakningu um mikilvægi og gagnsemi þessa, meðal stofnana, og ekki síst yfirmanna sem bera ábyrgð á líðan og velferð starfsmanna, sem og fagaðila sjálfra.

Heimildaskrá

- Bollas, C. (2018). *Meaning and Melancholia. Life in the age of bewilderment*. Routledge. doi.org/10.1080/14753634.2019.1666297
- Bourdieu, P. (1996). *The rules of art. Genesis and structure of the literary field*. Stanford University Press.
- Damasio, A. (2021). *Feeling and knowing. Making minds conscious*. Pantheon
- De Dominicis-Ebetsberger, B. (2023). Brain-heart coherence creates fluid identities. Barbara-De-Dominicis-Ebetsberger-Keynote-description_pdf.pdf (szupervizorok.hu)
- Dewane, C. J. (2006). Use of self: A primer revisited. *Clinical Social Work Journal*, 34(4), 543–558. https://doi.org/10.1007/s10615-005-0021-5
- Frankl, E. V. (2006). *Leitin að tilgangi lífsins* (Hólmfríður Gunnarsdóttir þýddi). Háskólaútgáfan, Siðfræðistofnun.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Elsa Haraldsdóttir. (2021). Líkamleg gagnrýnin hugsun: Fyrstu persónu aðferðir gagnrýnnar hugsunar. *Tímarit Kennslumíðstöðvar Háskóla Íslands*, 8(1), 52–55.
- Guðbrandur Árni Ísberg. (2013). *Í nándinni. Innlifun og umhyggja*. JPV útgáfa.
- Handleiðslufélag Íslands. (e.d.). *Samþykktir*. https://www.handleidsla.is/sam%C3%BEykkir
- Hawkins, P. og Shohet, R. (2012). *Supervisions in the helping professions* (4. útg.). Open University Press.

- Hendricks, M. N. (2007). Focusing-oriented experiential psychotherapy: How to do it. *American Journal and Psychotherapy*, 61, 271–284. <https://psychotherapy.psychiatryonline.org/doi/pdf/10.1176/appi.psyc-therapy.2007.61.3.271>
- Hrund Gunnsteinsdóttir og Kristín Ólafsdóttir. (2016). *Innsæi. The sea within* (heimildarmynd). Vimeo. https://vimeo.com/ondemand/innsaei?utm_source=email&utm_medium=vod-receipt-201602&utm_campaign=29546
- Jung, C. G. (1962). Að gangast við sjálfum sér. *Kirkjuritid*, 28(5), 163–164.
- Kaushik, A. (2017). Use of self in social work: Rhetoric or reality. *Journal of Social Work Values and Ethics*, 14(1), 21–29. <https://www.jswve.org/wp-content/uploads/2017/01/10-014-104-JSWVE-2017.pdf>
- Moreno-López, S. (2008). The Felt Sense In Psychotherapy Supervision. *The Folio*, 21(1), 226–237. [19_TheFeltSenseTRIB.pdf](https://www.folio.org/issue/21-1/TheFeltSenseTRIB.pdf) (focusing.org)
- Neary, S. (2014). Professional identity: What I call myself defines who I am. *Career Matters*, 2(3), 14–15.
- Peace, P. og Smith-Adcock, S. (2020). A Phenomenological study of felt sense among beginning counselors. *Teaching and Supervision in Counseling*, 2(1), 73–83. <https://doi.org/10.7290/tsc020107>
- Rober, P. (1999). The therapist's inner conversation in family therapy practice: Some ideas about the self of the therapist, therapeutic impasse, and the process of reflection. *Family process*, 38(2), 209–228.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2000). Handleiðslumál fagfólks á Íslandi. *Sálfræðiritid*, 6, 51–63. <https://www.hirsla.lsh.is/handle/2336/76484>
- Sigrún Júlíusdóttir. (2020). Faghandleiðsla – fagþroski. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Handleiðsla, til eflingar í starfi. Vinnuvernd, fagvernd, mannvernd* (bls. 17–56). Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd.
- Steinunn Hrafnadóttir. (2020). Faghandleiðsla sem forvörn á vinnustað. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Handleiðsla til eflingar í starfi. Vinnuvernd – Fagvernd – Mannvernd* (bls. 199–209). Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd.
- Sæunn Kjartansdóttir. (1999). *Hvað gengur fólki til? Leit sálgreiningar að skilningi*. Mál og Menning.
- Öhlén, J. og Segesten, K. (2002). The professional identity of the nurse: concept analysis and development. *Journal of Advanced Nursing*, 28(4), 720–727. <https://doi.org/10.1046/j.1365-2648.1998.00704.x>

Nýr sérfræðingur



Kristinn Arnar
Diego

Þann 17. mars 2023 fékk Kristinn Arnar Diego heimild til að kalla sig sérfræðing í sérgreininni félagsráðgjöf á sviði fötlunar. Kristinn lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 2008 og síðan meistaragráðu í fötlunarfræðum frá sömu stofnun árið 2020. Hann hefur einnig sótt ýmis námskeið og þjálfun í

tengslum við starfsferil sinn, þar á meðal markþjálfun, sáttamiðlun, skilnaðarráðgjöf og MÁPM í áfalla- og meðvirkni. Frá útskrift hefur Kristinn gegnt mismunandi stöðum hjá Reykjavíkurborg og starfar nú sem teymisstjóri í málefnum fatlaðs fólks í Austurmiðstöð. Hann er nú í diplómanámi á meistarastigi í fjölskyldufræðum og mun útskrifast vorið 2024. Hann skrifaði nýlega ritrýnda fræðigreinin í samvinnu við Stefan Hardonk, sem birtist í Oxford-akademíunni undir heitinu Deaf Identity Under Pressure: Experiences of Deaf Persons in Iceland.